

Mannréttinda- og lýðræðisráð

Ár 2018, fimmtudaginn 24. september var haldinn 4. fundur mannréttinda- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.14:00. Fundinn sátu Dóra Björt Guðjónsdóttir, Ásgerður Jóna Flosadóttir, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Jórunn Pála Jónasdóttir og Daniel Örn Arnarsson. Einnig sátu fundinn Anna Kristinsdóttir, Óskar J. Sandholt og Elísabet Pétursdóttir, sem var fundarritari.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram umsóknir mannréttinda- og lýðræðisráðs um skyndistyrki.

Samþykkt að veita umsókninni Fest Afrika 2018, styrk að upphæð kr. 300.000.
Samþykkt að veita umsókninni Móður Teresu systur – strætókort, styrk í formi 400 strætómiða, að upphæð kr.174.000.

2. Fram fer kynning á Snjallborgir, yfirlitsskýrsla.

Kristinn Jón Ólafsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Fram fer kynning á málþingi á vegum Nordic Safe Cities í Kristiansand sem fram fór 28.-31. ágúst 2018 og fulltrúi mannréttindaskrifstofu Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir sótti.

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lagt fram til samþykktar reglur og skipan kjörstjórnar á hverfakosningar - Hverfið mitt.

Lögð fram svohljóðandi tillaga mannréttinda- og lýðræðisráðs um breytingu á kjörstjórn:

Mannréttinda- og lýðræðisráð samþykkir breytingar á reglum og skipan kjörstjórnar í hverfakosningum – Hverfið mitt, og ákveður að mannréttindastjóri Anna Kristinsdóttir taki einnig sæti í kjörstjórn.

Samþykkt.

Guðbjörg Lára Másdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Fram fer kynning á notendaráð – ferlinefnd fatlaðs fólks.

Lögð fram svohljóðandi tillaga mannréttinda- og lýðræðisráðs:

Lagt er til að haldinn verði samráðsfundur hagsmuna- og grasrótarsamtaka um málefni fatlaðs fólks í október 2018. Mannréttindaskrifstofu er falið að skipuleggja viðburðinn og er hann í samræmi við aðgerðaráætlun í mannréttindamálum 2018-2022.

Samþykkt.

Tómas Ingi Adolfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins leggur fram tillögu um að Reykjavíkurborg taki upp beint og milliliðalaust lýðræði í Reykjavík þegar valdhafar borgarinnar ákveða framkvæmdir á umdeildum málum. Telur Flokkur fólksins það mannréttindamál að íbúar í Reykjavík gefist kostur á að segja sitt álit á málefnum áður en til framkvæmda kemur. Þá er mikilvægt að íbúar geti forgangsraðað framkvæmdum í borginni með hag þeirra sjálfra í huga. Verkefni sem eru vel til þess fallin að leggja fyrir borgarbúa í dag eru eins og borgarlínan, uppbygging á Kringlusvæðinu, í Mjóddinni, Sundabraut og lokun gatna fyrir bílaumferð í miðborg Reykjavíkur svo dæmi séu tekin.

Greinargerð fylgir tillögunni
Frestað.

Fundi slitið kl. 16:45

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Ásgerður Jóna Flosadóttir
Daníel Örn Arnarsson
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir

Gunnlaugur Bragi Björnsson
Jórunn Pála Jónasdóttir
Guðrún Ögmundsdóttir